# Laugardagur 4. nóvember

## SJÓNVARPIÐ

14.00 **Íþróttaþátturinn.** Kl. 14.30. Bein útsending frá leik Werder Bremen og Bayern München í vestur-þýsku knattspyrnunni. Kl. 17.00. Bein útsending frá Íslandsmótinu í handknattleik. Einnig verður fjallað um aðra íþróttaviðburði og úrslit dagsins kynnt.

18.00 **Dvergaríkið (19).** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.

18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.

18.50 **Táknmálsfréttir.**

18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.

19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.

20.30 **Lottó.**

20.35 **'89 á Stöðinni.** Æsifréttaþáttur í umsjá Spaugstofunnar. Stjórn upptöku Tage Ammendrup.

20.50 **Stúfur** (Sorry). Breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Corbett í aðalhlutverki. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.

21.20 **Fólkið í landinu.** – Kyrtill handa náunganum. Sólveig K. Jónsdóttir ræðir við Ingþór Sigurbjörnsson, kvæðamann og málarameistara.

21.40 **Leynigarðurinn** (The Secret Garden). Bresk sjónvarpsmynd frá 1987, byggð á sígildri skáldsögu eftir Frances Hodgson Burnett. Leikstjóri Alan Grint. Aðalhlutverk Gennie James, Barret Olivier, Jadrien Steele og Derek Jakobi. Lítil stúlka flyst á herragarð í Englandi. Stúlkan er frek og uppivöðslusöm svo að heimafólki þykir nóg um. Þegar litla stúlkan uppgötvar leyndardómsfullan garð, fullan af ævintýrum, breytist líf hennar allt til betri vegar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.

23.20 **Perrak** (Perrak). Þýsk sakamálamynd frá 1970. Leikstjóri Alfred Vohrer. Aðalhlutverk Horst Tappert, Erika Pluhar og Judy Winter. Perrak lögregluforingi reynir að hafa upp á morðingja ungrar stúlku. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.

0.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með afa.** Afi segir sögur og teiknimyndirnar sem við sjáum í dag eru **Amma, Litli froskurinn, Blöffarnir, Sígild ævintýri** og ein ný teiknimynd sem heitir **Pylsur með öllu.**

10.30 **Jói hermaður.** Teiknimynd.

10.50 **Henderson-krakkarnir.** Ástralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve.

11.15 **Sigurvegarar.** Ástralskur framhaldsmyndaflokkur fyrir börn og unglinga í 8 hlutum.

12.05 **Sokkabönd í stíl.** Poppþáttur endurtekinn frá í gær.

12.30 **Fréttaágrip vikunnar.** Fréttir síðastliðinnar viku frá fréttastofu Stöðvar 2.

12.50 **Engillinn og ruddinn.** Angel and the Badman. Sígildur vestri þar sem John Wayne leikur kúreka í hefndarhug. Aðalhlutverk: John Wayne og Gail Russell.

14.30 **Tilkall til barns.** Baby M. Endursýnd framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Aðalhlutverk: Jobeth Williams, Bruce Weitz, John Shea, Robin Strasser og Garry Skoloff.

16.10 **Falcon Crest.**

17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Skoðuð verða úrslit helgarinnar og fleira.

19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.

20.00 **Heilsubælið í Gervahverfi.** Íslensk grænsápuópera í átta hlutum. Sjöundi þáttur.

20.30 **Óvænt aðstoð.** Stone Fox. Myndin gerist stuttu eftir aldamótin síðustu og segir frá munaðarlausa stráknum Willy sem elst upp á búgarði afa síns. Aðalhlutverk: Joey Cramer, Buddy Ebsen, Belinda Montgomery og Gordon Tootooses.

22.05 **Undirheimar Miami** Miami Vice. Bandarískur spennuþáttur. Aðalhlutverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.

22.55 **Trylltir táningar.** O. C. and Stiggs. Gamanmynd um tvo félaga sem eru staðráðnir í að njóta sumarleyfisins út í ystu æsar. Aðalhlutverk: Daniel H. Jenkins, Neill Barry, Jane Curtin og Paul Dooley.

0.40 **Hugrekki. Uncommon Valor. Spennumynd sem gerist í Salt Lake City þar sem lögregla og slökkvilið eiga í höggi við stórhættulegan brennuvarg. Aðalhlutverk: Mitchell Ryan, Ben Murphy, Rick Loham og Barbara Parkins.**

2.15 **Einfarinn.** Nasty Heroe. Einfarinn var ranglega dæmdur fyrir flutning á stolnum bíl og er kominn til Miami til þess að leita hefnda. Bönnuð börnum.

3.30 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.

7.00 **Fréttir.**

7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.

9.00 **Fréttir.**

9.03 **Litli barnatíminn á laugardegi** – Hvernig kokið á hvalnum varð þröngt eftir Rudyard Kipling. Þýðandi: Halldór Stefánsson. Umsjón: Kristín Helgadóttir. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00)

9.20 **Morguntónar.** Claudio Arrau leikur tónverk eftir Chopin. 9.40- Þingmál Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson.

10.00 **Fréttir.**

10.03 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.

10.10 **Veðurfregnir.**

10.30 **Vikulok.** Umsjón: Einar Kristjánsson og Valgerður Benediktsdóttir. (Tilkynningar kl. 11.00.)

12.00 **Tilkynningar.**

12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá laugardagsins í Útvarpinu.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.

13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.

14.00 **Leslampinn.** Þáttur um bókmenntir Umsjón: Friðrik Rafnsson.

15.00 **Tónelfur.** Brot úr hringiðu tónlistarlífsins í umsjá starfsmanna Tónlistardeildar og samantekt Bergþóru Jónsdóttur, Péturs Grétarssonar og Guðmundar Emilssonar.

16.00 **Fréttir.**

16.05 **Íslenskt mál.** Jón Aðalsteinn Jónsson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 9.30.)

16.15 **Veðurfregnir.**

16.20 **Leikrit mánaðarins:** Makbeð eftir William Shakespeare. Þýðandi: Helgi Hálfdanarson. Leikstjóri: Hallmar Sigurðsson. Tónlist og tónlistarflutningur: Lárus Grímsson. Leikendur: Sigurður Karlsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Halldór Björnsson, Þórarinn Eyfjörð, Sigurður Skúlason, Jakob Þór Einarsson, Kristján Franklín Magnús, Guðmundur Ólafsson, Andri Örn Clausen, Pétur Einarsson, Barði Guðmundsson, Karl Guðmundsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Unnur Stefánsdóttir, Steindór Hjörleifsson, Árni Tryggvason, Þorsteinn Ö. Stephensen, Valgerður Dan, Guðrún Þ. Stephensen, Sigrún Edda Björnsdóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Þóra Friðriksdóttir, Jón Sigurbjörnsson, Þorsteinn Gunnarsson og Árni Pétur Guðjónsson.

18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.30 **Tilkynningar.**

19.32 **Ábætir.** Fjórir kaflar úr Samstæðum kammerdjassi eftir Gunnar Reyni Sveinsson.

20.00 **Litli barnatíminn** – Hvernig kokið á hvalnum varð þröngt eftir Rudyard Kipling. Þýðandi: Halldór Stefánsson. Umsjón: Kristín Helgadóttir. (Endurtekinn frá morgni.)

20.15 **Vísur og þjóðlög.**

21.00 **Gestastofan.** Gunnar Finnsson tekur á móti gestum á Egilsstöðum. (Frá Egilsstöðum)

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.

22.15 **Veðurfregnir.**

22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.

23.00 **Góðvinafundur.** Endurnýjuð kynni við gesti á góðvinafundum í fyrravetur. (Endurtekinn þáttur frá 15. janúar þar sem gestir voru frá Kvæðamannafélaginu Iðunni og einnig kom Kór Kennaraháskóla Íslands í heimsókn og söng undir stjórn Jóns Karls Einarssonar.)

24.00 **Fréttir.**

0.10 **Um lágnættið.** Sigurður Einarsson kynnir.

1.00 **Veðurfregnir.**

1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.05 **Á nýjum degi** með Margréti Blöndal. (Frá Akureyri)

10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.

13.00 **Istoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt.)

14.00 **Íþróttafréttir.**

14.03 **Klukkan tvö á tvö.** Ragnhildur Arnljótsdóttir og Rósa Ingólfsdóttir.

16.05 **Söngur villiandarinnar.** Einar Kárason leikur íslensk dægurlög frá fyrri tíð.

17.00 **Íþróttafréttir.**

17.03 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Randveri Þorlákssyni, að þessu sinni Egill Eðvarðsson leikstjóri og kvikmyndagerðarmaður..

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.31 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlagatónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Halldórsson. (Einnig útvarpað í Næturútvarpi aðfaranótt laugardags.)

20.30 **Úr smiðjunni** – Svona á ekki að spila á píanó. Sigþór E. Arnþórsson fjallar um nokkra rokkpíanista sem getið hafa sér gott orð. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags kl. 7.03)

21.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.

22.07 **Bitið aftan hægra.** Lísa Pálsdóttir.

2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

2.00 **Fréttir.**

2.05 **Istoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir. (Endurtekinn frá deginum áður.)

3.00 **Rokksmiðjan.** Sigurður Sverrisson. (Endurtekið úrval frá fimmtudagskvöldi.)

4.00 **Fréttir.**

4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.

5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.

6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

6.01 **Af gömlum listum.** Lög af vinsældalistum 1950-1989.

7.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri) (Endurtekið úrval frá sunnudegi á Rás 2.)

08.05 **Söngur villiandarinnar.** Einar Kárason kynnir íslensk dægurlög frá fyrri tíð. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi)

## FM 98,9 BYLGJAN

8.00 **Þorsteinn Ásgeirsson** vaknar og hellir upp á með hlustendum. Kaffið og góða tónlistin í rúmið. Íþróttaviðburðir helgarinnar teknir fyrir og fróðlegt ryksuguspjall.

13.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson og íþróttaviðburðir helgarinnar.**

19.00 **Ágúst Héðinsson** með öll uppáhaldslögin. Íslensk tónlist og tónlist sem allir þekkja.

22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson á næturvakt.**

2.00 **Dagskrárlok.**

## STJARNAN FM 102 & 104

10.00 **Kristófer Helgason.**

14.00 **Ólöf Marín.**

17.00 **Bjarni Haukur kynnir 30 vinsælustu lögin á Íslandi. Íslenski listinn** er eini sinnar tegundar á landinu.

19.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Hann kemur þér í rétt laugardagsskap með réttu tónlistinni. Allt það nýjasta í nýbylgjupoppinu og hipp hoppinu hjá Þorsteini.

22.00 **Arnar Kristinsson.** Hann er blár og gulur 24 tíma sólarhrings. Síminn er 622939.

24.00 **Bein útsending úr vinsælasta diskóteki landsins.** Við sendum út þriggja tíma tónlistardagskrá sem er engri annarri lík.

3.00 **Arnar Albertsson** er með allt á hreinu. Síminn er 622939.

## AÐALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 **Morgunmenn** taka fyrir allar upplýsingar sem þú þarft á að halda árla dags. Viðtöl við fólk sem hefur frá skemmtilegum hlutum að segja. Umsjónarmenn: Þorgeir Ástvaldsson og Ásgeir Tómasson.

9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Í þættinum kennir ýmissa grasa. Skemmtilegt fólk lítur inn og tekin eru öðruvísi viðtöl. Húsgangar eru á sínum stað og margs konar fróðleikur er lagður fram.

12.00 **Hádegisútvarp** í umsjón Þorgeirs Ástvaldssonar og Ásgeirs Tómassonar. Fréttir, viðtöl, fréttatengt efni, ásamt öllu sem skiptir einstaklinginn máli.

13.00 **Tökum við lífinu með ró** og hugsum um allt það besta. Kántrítónlistin á sínum stað. Umsjón Bjarni Dagur Jónsson.

16.00 **Dæmalaus veröld.** Nýr og betri heimur. Tekið á þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni. Eiríkur Jónsson.

18.00 **Plötusafnið mitt.** Það verður gestkvæmt á þessum tíma. Fólk með skemmtilegan tónlistarsmekk lítur inn og spilar sína tónlist og segir léttar sögur með.

19.00 **Anna Björk** sér um að allt sé á sínum stað fyrir helgina.
– með allt það sem þú vilt heyra og meira til.

22.00 **Gunnlaugur Helgasson** býður upp á rauðvín og osta og léttar nótur. Þið getið verið í beinu sambandi við Gulla. Síminn er 626060.

## EFF EMM 95,7

8.00 **Björn Þór Sigurbjörnsson.**

12.00 **Haraldur Guðmundsson.**

15.00 Nökkvi Svavarsson.

18.00 **Páll Sævar Guðjónsson.**

22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**

3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FÁ.**

14.00 **FG.**

16.00 **IR.**

18.00 **MH.**

20.00 **MS.**

22.00 **FB.**

24.00 **Næturvakt í umsjón IR.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.

4.00 **Dagskrárlok.**

## SKY MOVIES

14.00 **Star Wars.**

16.00 **Pirates.**

18.00 **Eat My Dust.**

20.00 **Three Men and a Baby.**

22.00 **Porky's 2: The Next Day.**

23.45 **Class.**

01.30 **Alien.**

04.00 **Secret Admirer.**

## SKY One

6.00 **Poppþáttur.**

7.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.

11.00 **Poppþáttur.**

12.00 **Veröld Frank Bough's.** Heimildamynd.

13.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.

14.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**

15.00 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.

16.00 **50 vinsælustu lögin.**

17.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.

18.00 **Savannah Miles.** Kvikmynd.

20.00 **Brigand of Kandahar.** Kvikmynd.

22.00 **Fjölbragðaglíma. (Wrestling)**

23.00 **Fréttir.**

23.30 **Poppþáttur.**

## EUROSPORT

9.30 **Rall.** Sýnt frá hinum ýmsu keppnum í Evrópu.

10.00 **Showjumping.** Keppni í hestaíþróttum í Amsterdam.

11.00 **Golf.** Það helsta úr Ryder Cup.

13.00 **Eurosport Saturday Special.** Fimm klukkutíma bein útsending frá Paris Open í tennis og Showjumping í Amsterdam.

18.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.

19.00 **Rugby.** Leikur Frakklands og Ástralíu sem fram fer í París.

20.00 **Tennis.** Paris Open. Innanhússkeppni.

21.30 **Showjumping.** Keppni í hestaíþróttum í Amsterdam.

23.00 **Rugby.** Leikur Wales og Nýja-Sjálands sem fram fer í Wales.

## SUPER CHANNEL

6.00 **Teiknimyndir.**

10.00 **The Mix.** Tónlist, skemmtiefni og tíska.

11.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.

14.30 **The Big Valley.** Vestramyndaflokkur.

15.30 **Dick Powell Theatre.**

16.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.

17.30 **Íþróttir.**

19.30 **Snóker.**

20.30 **Abeline Town.** Kvikmynd.

22.30 **A Boy And His Dog.** Kvikmynd.

23.20 **Evrópulistinn.**

00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Rætt verður við Ingþór Sigurbjörnsson í þættinum Fólkið í landinu.**

### Sjónvarp kl. 21.20:

# Kyrtillinn handa náunganum

### – Fólkið í landinu

Ingþór Sigurbjörnsson er ekki einn þeirra sem leggjast í kör og bíða dauðans í uppgjöf þótt starfsdeginum ljúki. Er hann lagði málarastarfið á hilluna fyrir sex árum gaf hann sig óskiptur að störfum er hann hafði raunar haft í hjáverkum í þrjú ár: stórfelldum fata-, leikfanga- og hreinlætisvörusendingum til þurfandi barna í Póllandi. Hann hefur rækt þetta starf sitt ötullega og er nú svo komið að bílskúrinn og íbúð í kjallaranum hjá Ingþóri er undirlögð fatnaði, leikföngum og ýmsum nauðsynjavörum er stöðugt berast frá hjálpfúsu fólki alls staðar af landinu. Allt fer í kassa sem síðan eru sendir áleiðis til Póllands með dyggri aðstoð Eimskipafélagsins.

Í þættinum Kyrtillinn handa náunganum, sem verður á dagskrá Sjónvarps í kvöld, ræðir Sólveig B. Jónsdóttir við þennan áttræða hugsjónamann um hjálparstarfið og sitt hvað fleira er Ingþór dundar við.

### Stöð 2 kl. 20.30:

# Óvænt aðstoð

Myndin gerist í Wyoming í Bandaríkjunum skömmu eftir síðustu aldamót og segir hún frá harðri lífsbaráttu hins 12 ára gamla Willy, hans hjartkæra Grampa og hundi Willys er kallast Morgan.

Willy missti foreldra sína ungur að árum og síðan hefur Grampa séð um þá félaga. Árið 1905 kemur veturinn snemma og Grampa fær hjartaslag. Willy verður þá að taka að sér að sjá um búgarðinn sem þeir búa á. Lífsbaráttan er hörð og Willy sér fram á að þeir muni tapa búgarðinum. Eina von hans er að taka þátt í hundasleðaveðreiðum og vinna fyrstu verðlaun sem eru 500 dollarar.

### Rás 1 kl. 14.00:

# Leslampinn

Nú þegar jólabækurnar eru farnar að koma á markaðinn ein af annarri munu hlustendur Leslampans fá að heyra úr velflestum íslensku skáldverkunum fram að jólum.

Þátturinn í dag verður einkum helgaður fyrstu skáldsögu Einars Heimissonar, Götuvísu gyðingsins, og bókinni Fransí biskví en hún fjallar um veiðar Frakka við Ísland fyrr á tíð og er höfundur hennar Elín Pálmadóttir. Rætt verður við höfundana og lesið úr bókunum. Meðal efnis má svo geta þess að sagt verður frá nýjustu bók metsöluhöfundarins bandaríska, Philip Roth.

### Sjónvarp kl. 21.40:

# Leynigarðurinn

Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 1987 sem fjallar um unga stúlku og uppvöxt hennar á Viktoríutímanum í Englandi. Stúlkan elst upp við afskiptaleysi foreldra sinna og eftirlæti og dekur þjónustufólksins.

Þáttaskil verða þegar hún finnur yfirgefinn garð sem hún og vinir hennar reisa úr rústum og eiga sem nokkurs konar leynigarð sem brátt verður miðpunkturinn í lífi þeirra allra.

Sjónvarpsmynd þessi er endurgerð af þekktri mynd um sama efni frá árinu 1949. Sú mynd hlaut góða dóma og fær þrjár stjörnur í handbókum. Sú endurgerð, sem hér er sýnd, þykir í tæpu meðallagi en leikur Derek Jacobi þykir þó bera af. -Pá